

Kjósarhreppur
b/t Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 27. nóvember 2019
UST201911-094/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á deiliskipulag fyrir Hvamm og Hvammsvík í Kjósahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu að deiliskipulagi fyrir Hvamm og Hvammsvík í Kjósahreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að fyrirhugað er að byggja á 5 ha svæði sjóböð og tilheyrandi aðstöðu fyrir gesti baðanna, svo sem 500 m² þjónustuhús fyrir búningsaðstöðu fyrir allt að 150 manns, veitingasölu og bílastæði. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir fimm til sex heitum og köldum laugum sem liðast út í víkina.

Efni lýsingar

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 er fjallað er um efni lýsingar þar sem segir m.a. að lýsingu skal gerð grein þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem hér er um að ræða töluberða breytingu á deiliskipulaginu hefði verið ákjósanlegt að fjallað hefði verið um í lýsingu helstu einkenni og aðstæður á skipulagssvæðinu og hvernig staðið verður að frekari gagnaöflun og greiningu forsendna og umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr. reglugerðarinnar.

Fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) kemur fram að svæðið sé mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/node/16110>). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fuglssvæðið í tillöggunni og það metið hvort að framkvæmdir á svæðinu muni hafa áhrif á fuglalífið.

B-hluti

Umhverfisstofnun vill benda að skipulagssvæðið nær til svæðis sem er á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Hvalfjörður (<https://www.ni.is/greinar/svhvalfjordur>).

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja.

Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsméðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúrumínjaskrár verður samþykkt af alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að fjörulengjan sem heild skartar mjög fjölbreytilegum vistgerðum, einkum kræklingaleirum. Mjög víða eru tiltölulega stórar skera- og sandmaðksleirur.

Mikið fuglalíf árið um kring og telst það alþjóðlega mikilvægt fyrir fargestina margæs (*Branta bernicla*) og rauðbrysting (*Calidris canutus*). Hið sama á við um vetrargestina flórgoða (*Podiceps auritus*) og sendling (*Calidris maritima*). Eins er mikið af tjaldi árið um kring, einkum þó á vetrum.

Laugar

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir fimm til sex heitum og köldum laugum sem liðast út í víkina. Í lýsingu kemur ekki fram nákvæm útfærsla á laugunum og bendir stofnunin því á að verkefnið falli jafnvel undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og/eða reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskaðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vitt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefansson
sérfræðingur